

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum viðaukans eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 22. kafla:

Vöruliður 2206 orðast svo:

A	A1	E
%	kr/kg	%

2206

Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, ót.a.:

— Gerjaðar drykkjarvörur, hvorki blandaðar öðrum gerjuðum drykkjarvörum né óáfengum drykkjarvörum öðrum en þeim sem er að finna í hinni íblönduðu drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun án hvers kyns eimingar:

2206.0011	— — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2206.0012	— — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..	0
	— Blöndur af öli og óáfengum drykkjarvörum:	
2206.0021	— — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2206.0022	— — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..	0
	— Annars:	
2206.0091	— — Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2206.0092	— — Með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..	0
2206.0093	— — Með 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli	0
2206.0099	— — Annað	0

2. Á 85. kafla:

Tolltaxti í tollskrárnúmerunum 8517.1901 og 8520.2000 verður 0%.

3. Á 87. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 8701.9002 bætist við vörulið 8701 og orðast svo:

A	E
%	%

8701.9002	— — Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.....	0
-----------	--	---

b. Tollskrárnúmerið 8704.1000 skiptist upp og orðast svo:

	A %	E %
— Demberar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:		
8704.1001 — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	0	
8704.1009 — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn	0	

c. Undirliðurinn 8704.90 skiptist upp og orðast svo:

— Önnur:		
— — Rafknúin:		
8704.9011 — — — Ný	0	
8704.9019 — — — Notuð	0	
— — Önnur en rafknúin:		
8704.9020 — — — Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	0	
— — — Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		
— — — — Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9041 — — — — Ný	0	
8704.9049 — — — — Notuð	0	
— — — — Með vörupalli:		
8704.9051 — — — — Ný	0	
8704.9059 — — — — Notuð	0	
— — — — Með vörurými:		
8704.9061 — — — — Ný	0	
8704.9069 — — — — Notuð	0	
— — — Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:		
— — — — Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9071 — — — — Ný	0	
8704.9079 — — — — Notuð	0	
— — — — Með vörupalli:		
8704.9081 — — — — Ný	0	
8704.9089 — — — — Notuð	0	
— — — — Með vörurými:		
8704.9091 — — — — Ný	0	
8704.9099 — — — — Notuð	0	

d. Tollskrárnúmerin 8716.3100 og 8716.3900 skiptast upp og orðast svo:

— — Tanktengivagnar og tankfestivagnar:		
8716.3101 — — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	0	
8716.3109 — — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn	0	
— — Annars:		
8716.3901 — — — Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	0	
8716.3909 — — — Að heildarþyngd yfir 5 tonn	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júní 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

16. júní 1998

Nr. 93

LÖG

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar hvaða vörur falla hér undir.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. Af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206: 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
2. Af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo og af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar: 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra.
3. Af öðru áfengi: 57,50 kr.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentilítra af vínanda og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er töllyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

3. gr.

4. gr. laganna fellur brott og númeraröð annarra greina breytist til samræmis við það.